

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2024
Tilvísun: 2024040695/R.I.R.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk

1.

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 16. apríl 2024 um umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk (þskj. 1367, 922. mál á 154. löggjafarþingi).

2.

Í umsögn Persónuverndar, dags. 15. mars 2024, við drög að frumvarpinu sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda þann 8. s.m. (mál nr. S-76/2024) voru gerðar nokkrar athugasemdir. Í fyrsta lagi var það mat Persónuverndar að endurskoða þyrfti 5. gr. frumvarpsdraganna, skýra ákvæðið nánar og afmarka betur hvers konar vinnsla persónuupplýsinga teldist nauðsynleg á grundvelli þess, svo að sýslumaður gæti sinnt eftirlitshlutverki sínu, auk þess sem skýra þyrfti tilgang þess betur. Þá var það mat Persónuverndar að huga þyrfti sérstaklega að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í þessu samhengi og samræmi við persónuverndarlöggjöfina að öðru leyti.

Loks benti Persónuvernd á að með hliðsjón af efni frumvarpsdraganna gæti verið tilefni til þess að framkvæmt væri mat á áhrifum frumvarpsins á persónuvernd, sbr. 29. gr. laga nr. 90/2018 og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Telur Persónuvernd að brugðist hafi verið við athugasemdum sem stofnunin gerði í umsögn sinni að einhverju leyti en ekki öllu og gerir stofnunin því eftirfarandi athugasemdir nú:

2.1

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins er að einhverju leyti búið að afmarka betur frá hvaða einstaklingum sýslumaður getur kallað eftir gögnum til þess að hann geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Þá er nú jafnframt áréttað í athugasemdum við 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins að tilgangurinn með vinnslu þeirra persónuupplýsinga sem kveðið sé á um í ákvæðinu sé að sýslumaður geti sinnt eftirlitshlutverki sínu, þ.e. að hann geti haft eftirlit með því að framkvæmd persónulegs talsmanns sé í samræmi við samkomulag um aðstöðina.

Líkt og fram kom í fyrri athugasemdum Persónuverndar við frumvarpsdrögin er þó hvorki í frumvarpinu né í greinargerð þess að finna frekari ákvæði eða skýringar um framkvæmd þeirrar skýrslu



sem persónulegum talsmanni er gert að gefa um samkomulagið og því óljóst hvaða persónuupplýsingum kunni að vera miðlað til sýslumanns. Þá er heldur ekki ljóst hvers vegna sýslumanni yrði nauðsynlegt að vinna með ótilgreindar persónuupplýsingar til þess að tryggja réttarvernd fatlaðs fólks eða hvort meðalhófsregla persónuverndarlaganna verði virt. Þá þarf sérstaklega að huga að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í þessu samhengi en eftir því sem þær persónuupplýsingar sem vinna á eru viðkvæmari, þeim mun meiri kröfur verða gerðar til þess að lagagrundvöllur vinnslunnar sé skýr og ótvíræður.

Þá er í frumvarpinu jafnframt lögð skylda á persónulegan talsmann, ásamt öðrum tilgreindum og ótilgreindum þjónustuaðilum, til að verða við beiðni sýslumanns um upplýsingar. Að því leyti sem hér getur verið um persónuupplýsingar að ræða verður að horfa til þess að ef tilgreindir aðilar, sem eru krafðir um gögn, teljast ábyrgðaraðilar vinnslu persónuupplýsinganna, felst það í ábyrgðarskyldum þeirra samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni að meta hvort fullnægjandi heimild er fyrir miðluninni á grundvelli 9. gr. og eftir atvikum, 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2018, sbr. sambærileg ákvæði reglugerðar (ESB) 2016/679. Til þess að miðlun persónuupplýsinganna teljist heimil þarf hún einnig að samrýmast öllum meginreglum um persónuvernd. Kemur þá m.a. til skoðunar hvort tilgangur miðlunarinnar sé nægilega skýrt afmarkaður til þess að unnt sé að meta nauðsyn hennar sem og hvaða persónuupplýsingar eru nægilegar og videigandi miðað við þann tilgang. Þó svo að einhverju leyti sé nú gerð grein fyrir nauðsyn og tilgangi vinnslunnar í athugasemdum við 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins telur Persónuvernd að sú umfjöllun hefði þurft að vera ítarlegri, sér í lagi hvað varðar þær persónuupplýsingar sem teljast nauðsynlegar miðað við tilgang vinnslunnar.

Þá leggur Persónuvernd til að orðalagi ákvæðis 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að sýslumanni verði heimilt að kalla eftir upplýsingum frá *félagsþjónustu sveitarfélaga*, en ekki starfsmönnum þjónustunnar.

Líkt og fram kom í fyrri athugasemdum Persónuverndar við frumvarpsdrögin er mikilvægt við alla lagasetningu að huga að því að veita getur þurft persónuupplýsingum um viðkvæma hópa fólks sérstaka vernd. Það á til dæmis við þegar um er að ræða persónuupplýsingar fólks sem e.t.v. er ekki í öllum tilvikum meðvitað um eigin réttindi til persónuverndar og áhættur og afleiðingar í því sambandi, og hefur ekki sömu forsendur og aðrir til að gæta hagsmuna sinna þegar kemur að vinnslu persónuupplýsinga. Mikilvægt er að skýr rammi sé settur utan um þá vinnslu persónuupplýsinga sem frumvarpið gerir ráð fyrir, með hliðsjón af því hvað telst strangt til tekið nauðsynlegt til þess að ná tilgangi vinnslunnar, enda ljóst að sú vinnsla sem um ræðir getur hæglega orðið afar nærgöngul gagnvart hinum skráða.

Með vísan til alls framangreinds telur Persónuvernd að endurskoða þurfi 5. gr. frumvarpsins, skýra ákvæðið nánar og afmarka betur í hvaða tilgangi vinnsla persónuupplýsinga fer fram, af hverju vinnslan er nauðsynleg fyrir þann tilgang og afmarka hvers konar persónuupplýsingar um ræðir. Þá þarf sérstaklega að huga að vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga í þessu samhengi.

Þá bendir Persónuvernd á að ekki verður séð á frumvarpinu að fram hafi farið mat á áhrifum á persónuvernd, sbr. 29. gr. laga nr. 90/2018 og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, en með hliðsjón af efni frumvarpsins má telja að slíkt mat hefði verið gagnlegt í þessu tilviki.



Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Gyða Ragnheiður Bergsdóttir